



Erindisbréf stýrihóps um stefnu í félagsstarfi velferðarsviðs

Þann 17. janúar 2020 skipaði Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, stýrihóp um stefnumótun í þróun félagsmiðstöðva fyrir fullorðið fólk. Stýrihópurinn starfaði á tímabilinu 28. janúar til 23. júní 2020 og skilaði skýrslu sem lögð var fyrir velferðarráð sem trúnaðargagn þann 19. ágúst 2020.

Nú liggur fyrir að skipa þarf stýrihóp til að rýna tillögur stýrihópsins frá 2020 og gera drög að stefnu um félagsstarf í borginni. Stefnuna skal vinna í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutans 2022-2026 en þar kemur fram að þróa eigi félagsmiðstöðvar yfir í samfélagshús og stuðla að blöndun kynslóða og ólíkra samfélagshópa. Stefnan skal enduspegla og hafa samhljóm við áherslur í öðrum stefnum Reykjavíkurborgar er lúta að velferð borgarbúa, þ.m.t. Velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Hlutverk og helstu verkefni

Hlutverk stýrihópsins er að gera tillögu að heildstæðri stefnu í þróun félagsstarfs í borginni til þess að skapa aðstæður sem bæta félagslega heilsu allra aldurshópa, þ.m.t. eldra fólks. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði, að blöndun verði milli kynslóða og félagsstarfið verði sniðið að þörfum mismunandi samfélagshópa. Hópurinn kortleggi félagsstarf í Reykjavík og skilgreini hlutverk og markmið velferðarsviðs og hvernig megi nýta innviði borgarinnar sem best. Jafnframt skoði hópurinn samstarf innan borgarkerfis og við utanaðkomandi aðila; einkaaðila, félagasamtök, sjálfsprottið félagsstarf og sjálfboðaliðasamtök. Hópurinn komi með tillögu að staðsetningu og skipulagi samfélagshúsa ásamt framtíðarnýtingu húsnæðis sem nú þegar er nýtt, en hentar ekki undir slíka starfsemi.

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri velferðarsviðs.

Stýrihópin skipa:

Fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar formaður.

Fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Fulltrúi minnihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Formaður öldungaráðs Reykjavíkur.

Fulltrúi velferðarsviðs með sérþekkingu á málefnum eldra fólks.

Verkefnastjóri stýrihópsins:

Fulltrúi velferðarsviðs með sérþekkingu á félags- og tómstundafræði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hagsmunasamtök og notendur þjónustu.

Lykilstjórnendur og sérfræðingar í málefnum eldra fólks, félagsstarfi og lýðheilsu

Aðrir innan og utan borgarkerfisins sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Hópurinn starfi frá 1. nóvember 2022 og skili tillögu að stefnu í félagsstarfi til velferðarráðs fyrir marslok 2023. Formaður hópsins ber ábyrgð á að kalla hópinn saman, að ritaðar séu fundargerðir og að lögð sé fram tillaga að stefnu.

Reykjavík 8. ágúst 2022

A handwritten signature in blue ink, reading 'Regína Ásvaldsdóttir'.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri